

Húsbíllareisan 2012

Suðausturland, Borgarfjörður eystri, Þeistareykir og Þórshöfn



Arwen, ókrýnd drottning fjallanna, alltaf í framsætinu

4. júlí Svartur jökull af sandi

Um kl 16 þann fjórða júlí 2012 vorum við loksins ferðbúin eftir ótal snúninga, stress og útréttingar. Steikjandi sól var í Kópavoginum þar sem alltaf er sama blíðan í suðurhlíðunum, bíllinn var hlaðinn góssi og voffi síkátur í framsætinu. Fyrsti áfangastaður var Seljalandsfossinn fagri. Þar var einmunablíða og við Arwen skottuðumst um meðan Brynjar tók nokkrar myndir. Endalaust af túristum þar á ferð. Tókum hús á Heimi Frey Seljalandsbónda og þáðum hjá honum rabarbarastilka sem eiga eftir að koma sér vel. Garðurinn þar á bæ er glæsilegur enda mamma hans ein af þessum harðduglegu bóndakonum sem átti fjölda barna, ól þau upp í guðsótta og góðum siðum, saumaði og eldaði, siðaði og skammaði, sultaði og ræktaði. Sjálfur var Heimur sæll og kátur ásamt frú

sinni og ómegð allri. Ókum svo sæmilegan en mjög þurran veg upp að Sólheimajökli sem er svartur og samanskroppinn eftir eldgos og gróðurhúsaáhrif. En í bílnum góða var glatt á hjalla og veitingar ekki af verri endanum, nýbakað brauð á borðum ásamt fersku salati af svölunum heima. Ég lumaði á tíramísú í eftirrétt. Brynjar dró upp agnarlitla farandhátalara, söng og dansaði og lék als á oddi. Sváfum vel.

5. júlí Hjörleifshöfði, Dyrhólaey



Við Arwen vöknuðum snemma og fengum okkur stutta gönguferð að Café Sólheimajökull sem er smekklega saman sett úr gámum og trépalli. Logn var og blíða, kyrrð og þögn morgunsins var ekki rofin fyrr en með rútuferðum um níu leytið. Vöktum húsbóndann af værum blundi um kl 9, fékk mér svo hafragraut og hörfræolíu eins og vanalega, en við vorum öll eitthvað svo þreytt og slæpt eftir langan vetur að við lögðum okkur til hádegis. Þá var sólin farin og við ókum niður að Dyrhólaey og gengum um þar fyrir neðan þar sem var myndað í erg og gríð. Þá var farið í Vík og ég sofnaði út frá

rosalega spennandi bók sem er sú fyrsta sem ég ætla að tæta í mig í frínu: *Veiðimennirnir* eftir Jussi Adler Olsen. Eftir letikast nr. 2 fórum við í Hjörleifshöfða en þar höfum við áður gist undir hamravegg við góðan orðstír enda fagurt þar og friðsælt. Ég eldaði kjúlla með karryi, engifer og hvítlauk ásamt sætum kartöflum og kvöldsól. Tíðindi bárust af Einari og Gyðu sem eru að leggja af stað í áttina til okkar. Yndislegt að dvelja þarna og ekki sála á ferli. Fréttir bárust úr höfuðborginni, pabbi á spítala með lungnabólgu og ætlar Gunna að vera hjá honum því við hinar systurnar erum báðar utanbæjar.

6. júlí Á grasi grónum bökkum Skaftár



*Blómarós meðal lúpína
við Hjörleifshöfða*

Eftir morgunmatinn dóluðum við okkur á Vík og hittum þar ferðafélagana í banastuði á tjaldstæðinu og voru fagnaðarfundir. Þau eru á nýjum og flottum húsbíl og nú verðum við í lest saman! Það var setið og spjallað í sólinni, ég reimaði svo á mig hlaupaskóna og tók 6 km hring í þorpinu. Það var alveg frábært. Skv. Nikeflögunni setti ég nýtt hraðamet sem þó verður ekki farið nánar út í hér. Veðrið var yndislegt, við skelltum okkur í laugina og pottinn en búningsaðstaðan er hörmuleg þótt verðið sé í toppi. Svo ætlaði Brynjar að sýna okkur öllum Fjaðrárgljúfur en þar sem ég sem átti að vera í kortaklefanum lá hálfsofandi í aftursætinu beygði hann óvart inn rangan afleggjara og var kominn langleiðina inn í eyðiland þegar við áttuðum okkur. Það kom ekki að sök, gljúfrin fara ekkert. Renndum þá bara á Klaustur og ákváðum þá að fá okkur snarl á Systrakaffi. Þar var röð út úr dyrum og eftir að við fengum borð biðum við í 50 mínútur eftir matnum, 3 pizzum og klausturbleikju. Arwen var ekki sérlega ánægð með að húka í bílnum á meðan, hún er með bölvaðan kláðamaur í rassgatinu og tekur köst, þurfum að láta líta á þetta... Fórum út af þjóðveginum og og inn á sléttan bala á bökkum Skaftár þar sem við höfum áður gist en það er yndislega friðsælt og fáfarið, þar er mosagróið hraun og ljúfur árniður. Við gistum þar södd og sæl.



*Ljósmyndaparið og ferðafélagarnir
góðu, Gyða og Einar, með ofurkrúttið
Kút*



Forsíðustúlkan 2012, Gyða glæsikvendi

7. júlí Stjórnarfoss, myndaður í tætlur



Rétu mér bjórin, elskan...

Yndislegt veður, milt og gott en sólarlítið. Eftir morgunmat á Skaftárbökkum var dundað við að taka myndir með flassi og án, langt frá og nálægt, með svona og hinsegin ljósop og hvað veit ég, svo var spjallað og tjillað, og snarlað brauð og álegg í makindum í flotta bílnum þeirra Einars og Gyðu. Einar er doldið veikur eftir langar vökur og vosbúð við refaveiðar en reynir að halda uppi stuði og klippti m.a. hár og klær á Kút frekar en ekkert. Allir eru slakir og endurnærðir og njóta frísins og útiverunnar. Kút og Arwen kemur sæmilega saman, hann eltir hana hvert sem hún fer og hún stuggar við honum ef hann kemur of nálægt. Hún vill reyndar líka leika við hann en þar er nokkur stærðar-og aflsmunur og Arwen frekar geðstirð við þennan einlæga aðdáanda sinn. Veðurspáin er góð. Seinnipart dags var grillið kynt í botn, svín og kjúlli stiknuðu þar okkur til dýrðar ásamt fersku salati og kartöflum. Eftir snemmbúinn kvöldverð var ekið frá þessum fagra og ósnortna stað og farið inn að Stjórnarfossi og myndað þar inn í eilífðina með flassi og látum. Klukkan var þá orðin svo margt að ákveðið var að gista þar um nóttina (við Kleifarvelli) fyrir utan tjaldstæðið en þar var gríðarlegt ættarmót sem fór þó friðsamlega fram. Sváfum afspyrnu vel þótt gististaðurinn væri ekki sérvalinn.



Nú megar rebbar fara að vara sig



He he, ég er algerlega meðetta


8. júlí Þurrum fótum yfir Foss á Síðu



Lagt var af stað um kl 9 eftir morgunverð og kaffisopa en þau skötu hjúin eru með dýrindis kaffivél í sínum bíl. Veðrið með eindæmum gott, sól og yfir 20 stiga hiti. Ekið suðaustur á bóginn. Fyrsti viðkomustaður er Foss á Síðu, landnámsjörð og sögufrægt prestsetur í aldaraðir, en þar höfum við margoft ætlað að stoppa og létum nú loks verða af því. Ég klifraði þar upp að fossrótum og Brynjar myndaði eins og óður. Fossinn var vatnslítill og við Arwen gátum stiklað yfir hann þveran þurrum fótum. Hún var annars frekar skelfd yfir þessu framtaki öllu og var líka afar heitt í svarta pelsinum sínum. Þegar allir voru orðnir sólbakaðir og hundarnir alveg að stikna var dólað í Skaftafell. Viðlegubúnaðurinn drifinn út, stólar, borð, flögur og harðfiskur, markísa og grill. Baukarnir voru opnaðir og gleðin við völd, sólin brennheit og blankalogn. Um sexleytið var grillið hitað og þangað rötuðu bæði kryddlegin hrefna og tuddi úr Bónus. Grænmeti, salat og grænpiarsósa með og öllu svo skolað niður fyrst með rauðvíni og svo með

darkroast senseo-kaffi og eðalCadburys konfektí á 2 hæðum úr fríhöfninni sem Gyða splæsti. Arwen missti stjórn á sér og reyndi að grípa bita af grillinu en fékk makleg málagjöld hjá pabba. Nú er klukkan að verða níu og enn skín sólin en hann hefur ekki yrt á hana ennþá þótt hún mæni á hann bænaraugum. Hún er frekar skömmustuleg og gerir alveg örugglega ekki svona aftur. Á morgun er spáð dumbungi, skúrum og lélegri ljósmyndabirtu. Búin með *Veiðimennina* og byrjaði á *Stjörnu Strindbergs*, er ekki alveg að grípa mig.

9. júlí Morsárdalur, meiri háttar staður



Hlaupagarparnir, uppdressaðir með allar græjur

Veðrið ekki gott, rigning en sæmilega hlýtt. Allan daginn var bara dormað, lesið, spjallað og dúllað í myndum, ljósmyndabókum og linsum. Lauk við *Stjörnu Strindbergs* sem fór alveg út í móa og var ekkert skemmtileg. Loks um fimm leytið stytta upp og sólin braust fram. Við skelltum okkur í hlaupagallann og skokkuðum frá tjaldstæðinu og inn í Morsárdal, samtals um 9 km fram og til baka á 58 mín í sólinni. Arwen skokkaði með og var hin glaðasta. Skyndilega dróst kallinn afturúr, hann hafði rífið eitthvað í kálfanum og hálfhaltraði það sem eftir var leiðar. Ekki var við það komandi hjá honum að ganga heim eða fara sér hægt. Í Morsárdal þurfum við að fara aftur með tjald, nesti og myndavél, þar er yndisleg kyrrð og ægifagurt um að litast. Kvöldverður samanstóð af hleðsluskyri og skyndipasta með parmesan, vorum sveitt og þreytt eftir átökin en nenntum samt ekki í sturtu.

Ferðanefndarfundurinn í bíl Einars og Gyðu var langur og strangur og um hálf tíu var ákveðið að vera aðra nótt hér Skaftafelli og skvera sér í Jökulsárlón á morgun með viðkomu hér og þar. Datt oní nýja bók en er orðin eitthvað aum í hægri öxlinni og sturtaði í mig bæði volteren og íbúfen úr snyrtiboxinu.

10. júlí Jöklaferð

Nóttin var strembin þar sem tíst á hálf tíma fresti frá kl. hálf fimm að morgni gaf til kynna að skipta þyrfti um rafgeymi eða eitthvað en enginn nennti framúr volgu bóli til að standa í þeim stórræðum. Öxlin var mjúk og fín eftir meðulín. Sól og blíða eins og alltaf, við skelltum okkur í langþráða sturtu eftir staðgóðan morgunverð úti á flötinni, það kostar 2x8 fimmtíukalla takk. Einar og Gyða fóru af stað í Jökulsárlón en við ákváðum að fara í jöklaferð og hitta þau um kvöldið. Fyrst fórum við upp að Svínafellsjökli en svo að Fallsárjökli. Þar fórum við uppá jökulinn og Brynjar rogaðist með ljós og þrífætur og myndaði mig í fullum skróða með ísbrodda og allar græjur. Arwen kom með en var

óörugg með sig og fótisár og henni var ískalt svo þetta átti ekki við hana. Við hefðum átt að láta hana vera í leðurskónum sínum sem við keyptum á hana í fyrra! Mikil umferð fólks var um jökulinn, stórir hópar innlendra og erlendra ferðamanna sem ýmist voru að ganga eða klifra með leiðsögumönnum. Við komum niður af jöklinum um sexleytið og þá var skellt í lambahakks- og grænmetisþöttur á pönnu og hann snæddur á planinu við jökulræturnar í síðdegissólinni með rifnum parmesanosti og púrtvíni og suðusúkkulaði á eftir. Síðan var dólað í rólegheitum í átt að Jökulsárlóni, með viðkomu hér og þar á fögrum stöðum. Um kl 22 var enn sól á Lóninu og allir stukku út að mynda. Hér er margt fólk á ferð en aðeins farið að hvesa. Laxness var að ljúka við síðasta lestur kvöldsögunnar á langbylgjunni, Innansveitarkróniku, ég er spennt að heyra hvaða saga byrjar á morgun. Er byrjuð að lesa *Verónika ákveður að deyja* eftir Paulo Cuelo í þýðingu Guðbergs Bergssonar en þessi margfræga og umtalaða saga fór einhvern veginn framhjá mér á sínum tíma. Þetta er alveg frábær bók og ég er viss um að Guðbergur á jafn mikinn þátt í því og Cuelo.



Á toppnum

11. júlí Ævintýri enn gerast

Vöknuðum á bílplaninu í Jökulsárlóni, einstaklega spennandi staður (eða ekki). Strax var farið að mynda. Þarna var strekkingsvindur en sól. Rafmagnið í bílnum er eitthvað skrítið, vatnsdælan virkar ekki og allt í pati. Fengum að stinga rafgeymi í hleðslu hjá dúllunum í Lónssjoppunni sem svo sannarlega vinna fyrir kaupinu sínu þótt þær skreppi stundum í eina og eina reykingapásu bak við sjoppuna. Allan daginn eru þær að afgreiða, þrifa klósett og rogast með vörur, fylla á og aðstoða rútufarma af túristum með allt mögulegt. Um hádegðið færðum við okkur niður fyrir brúna en við Arwen lásu um Veróniku sem lærði að elska lífið með því að reyna sjálfsmorð og kynnst síðan góðu fólki á geðveikrahæli. Margir frábærir frasar, höfundur og þýðandi hljóta að vera tvíburasálir. Ég var orðin þreytt á Jökulsárlóni og túrismanum þar og þráði að komast í sturtu, rafmagn og net en mín beið að senda leiðinlegan tölvupóst vegna vinnunnar. Ég hafði mestmegnis dormað og lesið allan

daginn og nennti varla útúr bílnum. Við lögðum því af stað í átt að Höfn og Einar og Gyða ætluðu í humátt á eftir okkur. En margt fer öðruvísi en ætlað er, þau fundu minkagreni og mynduðu þar í erg og gríð og komu ekki til Hafnar fyrr en langt var liðið á kvöld en þá gripu þau í tóm. Við ákváðum nefnilega í skyndi að bregða okkur út af þjóðveginum og tókum ómerktan, hlykkjóttan og grýttan afleggjara upp að Breiðamerkurjökli, þ.e. að Veðurárdalslóni. Það var yndislegt veður, kvöldsól og logn, enginn á ferli en við mættum einum bíl, gömlum Ford á risadekkjum sem var greinilega að fara með ferðamenn heim úr vel lukkaðri jöklaferð því bílstjórinn brosti sínu blíðasta til okkar. Við lögðum bílnum þar sem vegurinn endaði og gengum svo áleiðis upp á jökulinn sem var svartur af leir og sandi. Ég skalf af hræðslu í hverju spori og sá fyrir mér djúpar sprungur sem opnuðust fyrir fótum okkar og yrðu minn eða Brynjars bani. Þegar komið var aðeins upp á jökulinn blasti við okkur hrikaleg fegurð, blár ís, svartur sandur og skorin ísbjörg. Við vorum að spá í að gista þarna við lónið en rafmagnið var enn bilað í bílnum, ekkert rennandi vatn og það lá á að komast í netsamband svo við ákváðum að bruna á Höfn. En grýtt brekka á heimleiðinni batt enda á þær fyrirætlanir. Brynjar gerði nokkrar tilraunir til að brjótast upp brekkuna en bíllinn spólaði og hafði það ekki af. Svo það var ekki annað í stöðunni en halda kyrru fyrir og kalla eftir hjálp næsta morgun. Þar var súrt í broti en ekki var hægt að kvarta undan mótuneytinu, tikkamasala-baunaréttur var framreiddur með heitu naan-brauði en engu vatni. Svo var farið snemma að sofa, í óvissu um hvað morgundagurinn bæri í skauti sér. En þetta er nú bara ævintýri, það er ekkert varið í að rúnta bara á milli tjaldstæða og lenda ekki í neinu óvæntu.



Dýrindis réttir voru galdraðir fram á gasinu í húsbílnum

12. júlí Bjargvættur

Vöknuðum snemma og Brynjar tók til sinna ráða. Hann hringdi í umsjónarmann tjaldstæðisins á Höfn en sá veit víst allt og spurði hann hvort hann þekkti ökumann Fordsins sem við mættum í gærkvöldi. Það gerði hann auðvitað og eftir smástund var sá kominn á línuna og sagðist koma og redda okkur! Pilturinn heitir Þröstur Þór Ágústsson og er með Breiðamerkur-hiking, sinn eigin ferðamannabissness um jökulinn sem gengur vel. Brynjar ætlar að fá ferð með honum síðar inn í Veðurárdal og upp á Þverártindsegg, ekki spurning. Hann kippti bílnum upp brekkuna og tók ekkert fyrir viðvíkið en hann sagðist hafa glott við tönn þegar hann mætti húsbílnum okkar kvöldið áður. Það voru glaðir ferðalangar sem skreiddust svo upp á þjóðveginn og brunuðu í átt til siðmenningarinnar um ellefu leytið. Á Höfn hittum við Einar og Gyðu og fengum okkur humarsalat (kvenfólkið), plokkara og hammara (karlpeningurinn) á Kaffihorninu, við Gyða settumst svo útí sólina á tjaldstæðinu meðan Brynjar fór með bíllinn á verkstæði. Þar hitti hann son Magnúsar, fyrrum eiganda bílsins, og var sá

harla glaður að geta leyst vandann en hann var sá í stuttri útgáfu að kveikt var á vitlausum takka á ísskápnum og örygginn í einhverju rugli. Það var nú mikill léttir. Þá var farið í Nettó og Vínbúðina sem er í sama húsi og fyllt á birgðirnar og loks í sundlaugina flottu til að slaka á og skola af sér ferðarykið.



Hestastóð við Stokksnes

Að því búnu var ekið út í Stokksnes og myndað í síðustu geislum kvöldsólarinnar. Snarlað, brauð og álegg og te. Ég var í makindum að skrifa þessar línur þegar mann bar að sem spurði hvort ég ætlaði að vera þarna í nótt og hvort ég hefði orðið vör við ref. Hann var hress og spjallaði aðeins áður en hann hvarf upp í skorning til að leita að rebba. Ég er búin með *Veróniku* og byrjuð á *Rannsókninni* eftir Philippe Claudel sem er alveg hrikalega fyndin bók um Rannsóknarmann sem kemur í undarlega borg og mætir alls konar furðum. Lögðum bílunum á plani rétt við radarstöðina en ekki á tjaldstæði sem merkt er Viking Café, það heitir sennilega eftir leikmynd sem er búíð að setja upp þar skammt frá fyrir víkingamynd Baltasars.

13. júlí Myndadagurinn mikli

Vaknað eldsnemma og allir fóru út að mynda nema við Arwen. Allur dagurinn fór í það, mótífin eru alls staðar. Veðrið var frábært, við Arwen fórum í gönguferð um nágrennið og ég var á stuttbuxum og sandöllum. Sem ég sat í sólstól og var að lesa úti í blíðunni kom maðurinn aftur frá gærdeginum og lék als á oddi. Þá frétti ég að hann hefði náð rebba en misst yrðlingana út um allt svo þeir eru líklegast móðurlausir að mjálma núna í heiðinni. Kom þá í ljós að hann heitir Ómar Antonsson á Horni og er ferðapjónustubóndi, eigandi Viking Café og hrossaræktandi og að Einar þekkir hann ágætlega þar sem skotveiðinámskeiðin fara fram á landi hans á hverju ári. Hann benti okkur m.a. á stokkinn sem nesið heitir eftir, á hvar selirnir sóla sig og á staði sem vert er að skoða og ljósmynda. Erindi hans var að rukka um aðstöðugjald því „ekki gengur að keyra bara framhjá tjaldstæðinu, míga og skíta og fara svo“ eins og hann orðaði það. Hann fór þó án þess að við næðum að reiða fram gjaldið. Allan daginn var bara myndað og það var ekki fyrr en undir kvöld sem við Gyða elduðum okkur hamborgara

(lambaborgarar úr MK), og kallarnir elduðu sér svo sjálfir þegar þeir komu alsælir og sólbrenndir úr vel heppnuðum ljósmyndaleiðangri. Síðan var spjallað fram til miðnættis og glatt á hjalla.



Það er geysifagurt við Stokksnes



14. júlí „Ein og ein spýja...”

Ákveðið að fara ekki af svæðinu nema heilsa upp á Ómar hinn glaðværa. Hann bauð okkur í kaffi, sagði okkur mjög myndnar sögur (varla prenthæfar) og þrætti við Einar um hreindýraveiðar en þar hitti skráttinn ömmu sína. Hann rukkaði okkur bara fyrir eina nótt og við kvöddum hann með tárur,

þennan skemmtilega mann. Ein sagan sem hann sagði var af manni sem hafði tekið framhjá konu sinni en fannst það ekki tiltökumál og taldi það ekki með þótt hann skildi eftir eina og eina spýju hér og þar... Ekið var í átt að Djúpavogi með myndastoppum. Þá var loks kominn tími á skokk þó ekki væri nema til heiðurs Signe sem hljóp Laugavegin í dag, ég trimmaði um bæinn í hálf tíma (6 km), fór niður á bryggju og skoðaði m.a. egginn í Gleðivík, marmaraegg helstu fuglategunda hér á svæðinu eftir Sigurð Guðmundsson. Húsin hér og göturnar minna mig á Þórshöfn, þann fagra bæ, nema hér hafa garðálfar gert innrás og lagt undir sig heilu hverfin. Brynjar lagði sig en ég fór í sund og pott og var þar alein og naut þess í botni. Ég notaði því tækifærið og skolaði úr hlaupagallanum með sjampó en við höfum ekki drifið í að setja í þvottavél og margt orðið ansi kolað. Eftir fuglamyndatökur við flugvöllinn var stormað á tjaldstæðið og pylsur eldaðar með kúskúsi. Á morgun er ekki sérlega skemmtileg spá en stefnt er að því að þræða firðina. Að fara í Skrúð hefur komið til tals en Baldur bóndi í Vattanesi gerir það ekki nema fyrir minnst 40-50 þúsund kall sem vonlegt er. Þetta er heilsdagsferð, 5 km sigling. Það er rólegt hér á tjaldstæðinu og Arwen kúrir í framsætinu meðan við ætlum í heimsókn í Gyðubíl. Er búin með *Rannsóknina* sem er frábær bók og áberandi vel þýdd á kjarngóða og þýða íslensku (Kristín Jónsdóttir). Byrjaði á *Göngulagi tímans* sem er sjóferða- og þroskasaga Johns Franklin frá 18.-19. öld sem Artúr Björgvin þýðir, hún leggst ágætlega í mig.

15. júlí Borgarfjörður eystri




Vaknað seint og lífinu tekið með ró enda rigning og leiðindaveður. Um hádegisbil skellti ég í amerískar pönnukökur en þurrefnin hafði ég græjað heima og bauð Einari og Gyðu. Að því loknu skropp ég á netið í Löngubúð, afgreiddi nokkra tölvupósta og greiddi reikninga, skoðaði veðrið og hugsaði minn gang. Hugmyndin er að skella sér á Þórshöfn um helgina og nú er

að sjá hvernig það passar inn í planið en Brynjar hefur annað á þrjónunum. Við drifum okkur af stað um þrjúleytið og ætluðum á firðina en við afleggjarann á Öxi sáum við fram á að það yrði ekkert gaman í rigningu og kulda svo fjarðaferðin bíður, aftur. Ég var einmitt búin að hlakka mikið til að koma á Stöðvarfjörð en það verður bara síðar. Fengum okkur sveittan borgara og risapizzur í N1 á Egilsstöðum en þar er brjáláð að gera. Ókum svo í Borgarfjörð eystri, það er löng leið og vondur vegur og ískalt í plássinu sem kúrir við sjóinn. Það var frábært að horfa yfir strandlengju Héraðsflóans ofan af heiðinni við Stóruvörð. Við höfðum lengi ætlað okkur að koma hingað á þennan afskekktu stað. Borgarfjörður er nyrsti fjörður sem gengur inn í Austfjarðahálendið, stuttur og breiður og horfir beint við norðri en höfnin er ekki góð. Komum um áttaleytið á mjög snyrtilegt tjaldstæði. Brynjar fór í kaffi til Einars og Gyðu en ég dúllaði mér í bílnum með miðstöðina í botni, spjallaði við Sossu, Ingu og Óttar í síma og las *Göngulag tímans* sem ég er langt komin með.



16. júlí Nostalgía

Brynjar, Einar og Gyða fóru út að mynda eldsnemma en við Arwen suðum okkur graut með eplum um níuleytið og hlustuðum á Andra og Heiðar snyrti bulla á rás 2. Sólin skein glatt en norðanáttin var ísköld. Við fengum okkur langa gönguferð um bæinn, fórum niður að bryggju sem er löng og mikil en greinilega lítið notuð, skoðuðum kirkjuna og kirkjugarðinn sem er snyrtilegur og fallegur, þar liggja hjón t.d. andspænis hvort öðru og nöfnin þeirra eru hvort sínu megin á steininum. Hér er mikið af hundum sem vilja bjóða nýja tík velkomna í bæinn en hún er frekar viðskotail við þessa sveitalubba. Eftir hádegið skellti ég mér í Kjarvalsstofu í félagsheimilinu Fjarðarborg, en þar er sýning um meistarann og dvöl hans hér á Borgarfirði. Ungbarn var hann reiddur á hestbaki úr Meðallandinu til fósturs og bjó hér fram yfir feringu en það voru aðallega tvær systur sem ólu hann upp. Á seinni æviárum dvaldi hann hér eftir því sem hann gat og eitt sumarið málaði hann altaristöfluna í Bakkagerðiskirkju. Konur í plássinu skiptust á að færa honum mat en engan viðbúnað vildi hann hafa, ekki einu sinni rúm heldur svaf á beru gólfinu, og sagan segir að hann hafi afpakkað kodda sem ein konan vildi færa honum. Á sýningunni er líka hægt að skoða gamlar kvikmyndir frá mektarárum plássins á sjötta og sjöunda áratugnum, úr bæjarlífinu, frystihúsinu, af gömlum bílum og kátum körlum en konurnar héldu fyrir andlitið og flúðu allar myndavélina. Þetta var alveg frábært! Kynti aldeilis undir ljúfa nostalgíu hjá mér. Við Gyða vorum sammála um að hér væri yndislegt að vera en strákarnir voru óþolinmóðir, fannst allt ljótt og kalt og mótfín strjál. Enda erum við sjávarþorpskonur en þeir úr kaupstað. Ég stormaði svo í Álfakaffi með Einari og Gyðu en Brynjar var einhvers staðar niðursokkinn í myndatökur. Ég fékk mér rómaða fiskisúpu, sjóðheita og bragðmikla með nýbökuðu brauði, og var ekki svikin af þessu en þau skötu hjú snæddu dýrindis eplaköku, rabarbarapæ og kaffi. Það var ljúft og gott að losna aðeins frá eldavélinni.



Ég hringdi í pabba sem sagði mér að hér hefði lengi verið prestur frændi okkar, Sverrir Haraldsson og hann væri jarðsettur í kirkjugarðinum. Ég dreif mig þangað og fann leiði hans. Hann hafi verið í guðfræðideildinni á sínum tíma, lítill, horaður og alltaf í sömu fötunum og var því kallaður Ghandi. Hann var mjög drykkfelldur og djammaði m.a. með Steini Steinarr. Þegar kom að lokaprófum drösluðu skólafélagar hans honum í prófin sem hann stóðst með sóma. Eftir þetta lagðist hann enn í drykkju. Dag einn rakst séra Sigurbjörn á hann, dró hann upp úr ræsinu, tannlausan, skítugan og skeggjaðan, fór með hann til rakara og tannlæknis og lét smíða uppí hann nýtt stell, skellti honum síðan upp í rútu til Borgarfjarðar eystri og sagði honum að gerast prestur þar. Þegar Sverrir steig út úr rúttunni tók kona góð á móti honum sem hét Sigríður og hjá henni bjó hann til dauðadags. Hann þótti góður prestur, hélt afburða snjallar ræður og aldrei fór hann suður eftir þetta. Pabbi og mamma fóru til hans í heimsókn þegar

þau bjuggu á Eiðum og þegar konan vísaði þeim inn í herbergi til hans heyrðist mikill atgangur, prestur hafði spröttið upp af dívan sínum, sneri í þau baki og var að grafa í kommóðuskúffu, hann var að stinga upp í sig stölinu góða frá Sigurbirni og tók síðan afspyrnu vel á móti þeim.

Ekið var greitt í Mývatnssveit og enginn tími til kvöldverðar. Við komum þó við í Hvanngili sem er litskrúðugt og falleg gil þótt birtan hafi ekki hentað til listrænnar ljósmyndunar. Það bar til tíðinda að Einar og Gyða ákváðu að drífa sig heim. Við lögðum hins vegar á plani skammt frá Hverunum og sváfum vært um nóttina.

17. júlí Mývó



Veðrið var frábært, sól og hiti. Við vorum samt róleg, húsbóndinn gaf sér góðan tíma í hársnyrtingu og rakstur og við Arwen spókuðum okkur í sólinni. Grasið hér er sölnað vegna langvarandi þurrka. Síðan var ekið að Hverunum og myndað, þar er alveg rosaleg túristagryfja, og svo að Kröflu (eina ferðina enn). Í gestastofunni þar er sýning sem er alltof fræðileg fyrir minn smekk allavega og stelpurnar í afgreiðslunni nenntu ekkert að sinna gestunum. Þar var hægt að fá kaffi eftir japl, jaml og fuður en mjólkinn var búinn. Loks var kominn tími á langbráð sund, þar sem við sofnuðum bæði á sólbekk í blíðunni, útkeyrð í bókstaflegri merkingu. Eftir ís í Samkaup var skrölt á Þeistareyki, á afar vondum

vegi. Þar var kvöldsólin upp á sitt besta og frúin eldaði lambafillet með tilheyrandi meðan Brynjar myndaði hverasvæðið í tætlur. Hér er fullt af lagðprúðum og fallegum kindum með 2-3 lömb, alveg sultuslakt fé sem kippir sér ekkert upp við gestina. Við lögðum bílnum á slétta flöt og nutum lífsins í síðustu geislum kvöldsólarinnar, hávaðinn í borholunum vandist fljótt en ég óttast að stór hluti svæðisins fari undir affallsvatn þegar búið er að bora víðar. Það væri synd. Er að lesa *Útlagana* eftir Sigurjón Magnússon. Hún er vel skrifuð, á kjarngóðri og vandaðri íslensku. Sósíalisminn á sjötta og sjöunda áratugnum á Íslandi og í Þýskalandi er til umfjöllunar og sýnt er fram á sorglegar afleiðingar þess að trúa gagnrýnislaust og í blindni á pólitískar stefnur og hafa ekkert umburðarlyndi gagnvart öðrum skoðunum. Jósef (!) er sonur eitilharðrar kommúnistakvensu, hann er sveimhugi sem forðast pólitík en þvælist inn í hana á námsárum sínum í Austur-Þýskalandi. Kvenpersónurnar eru grimmar, vergjarnar og vondar, t.d. mamman Valgerður og eiginkonan Christa, en sá sem snýr baki við kommúnismanum, Stefán Arinbjörn, og gerist vellríkur heildsali kemur best út úr sögunni. Brynjar tók nokkrar uppstilltar hlaupamyndir sér til skemmtunar.

18. júlí Ró og spekt og alein í heiminum

Sváfum vel og lengi. Dormað fram eftir degi, lúi í kallinum eftir rosa ljósmyndatörn frá morgni til kvölds allt fríið. Kominn tími á smá slökun. Bakaði nokkrar amerískar pönnukökur úr afgangssdeigi frá Djúpavogi, hlustuðum á útvarp og fórum saman í stutta gönguferð. Loks lúsuðumst við af stað um hálf fjögur en þá voru fyrstu regndroparnir teknir að falla. Vegurinn var engu skárri



Húsavíkurmegin. Þegar við nálguðust Húsavík var ákveðið að sleppa allri eldamennsku um borð og fara út að borða þar sem Völvi Snæ er með veitingastað þar í sumar. Sá reyndist vera í tjaldi á palli, en samt frekar huggulegur. Þurftum að bíða í klukkutíma eftir borði sem var sosum í lagi en annan klukkutíma eftir matnum. Ég bjóst við spennandi framreiðslu og exótísku bragði en fékk ósköp venjulegan ofnbakaðan þorsk með steiktu grænmeti og Brynjar nautafillet með sama grænmeti. Þetta var bragðgott en ekkert framúrskarandi eins og ég hafði gert mér væntingar um af heimsfrægum kokki. Lögðum svo á tjaldstæðinu upp við nokkur bretti af þökum enda troðfullt á tjaldstæðinu og sváfum vært. Ég hef oftast brunað í gegnum Húsavík og aldrei gefið mér tíma til að stoppa þar almennilega en það er alveg þess virði. Fullt af sætum veitingahúsum, gott bakarí, dásamleg kirkja, hvalaskoðun, frábær sundlaug, skemmtilegt gallerí (honnunarverksmidjan.is) og alltaf gott veður!

19. júlí Síðasti dagurinn

Þökurnar góðu höfðu beðið piltanna í unglingavinnunnni sem byrjuðu að leggja þær eldsnemma um morguninn með tilheyrandi brambolti við svefnherbergisgluggann. Glampandi sól og frábær veðurbliða en ferðalangarnir orðnir soldið morgunfúlir eftir 15 daga sleitulausa dvöl í þrengslum, bogri og drasli í bílnum. Ég rölti í bakaríð og keypti speltbrauð, kleinur og snúð meðan Brynjar hellti upp á gott kaffi. Þetta er fyrsti morguninn í ferðinni sem ég fæ mér ekki hefðbundinn hafragraut í morgunmat. Sundlaugin á Húsavík er glæsileg og jafnframt sú dýrasta sem ég hef komið í á ferðalaginu eða 650 á mann. Lá þar í sólbaði og pottasvamli dágóða stund og naut hvernar mínútu. Skruppum svo á Gamla bauk og fengum okkur hjónabandssælu til að slétta út pirringinn frá því um morguninn. Því næst var brunað að Fremstafelli í Köldukinn. Ég hafði lesið að þar sameinuðust tvær ár, Djúpa og Skjálfandi, í fallegum fossum. Við siluðumst eftir vondum vegi sem var merktur Óviðkomandi bannaður aðgangur, hittum konu sem var þar að dytta að kofa með fjölskyldu sinni og tilkynnti í óspurðum fréttum að við mættum ekki gista þarna en Brynjar sagðist eingöngu ætla að skoða fossinn og gladdist konan þá mjög og leyfði það náðarsamlegast. Birtan var ekki nógu góð en samt var myndað í þaula. Það var gaman að sjá Skjálfanda byltast tryllingslega fram úr klettagöngum og Djúpa líða mjúklega fram af og sameinast svo í eina kröftuga á.



Þessu næst var stefnan tekin á Goðafossinn fagra. Á planinu við N1 á Fosshóli var snarlað í snatri, kalt lambakjöt og ferskt grænmeti, og síðan myndaði Brynjar og ég kúrði undir teppi, hlustaði á útvarpið

og las *Kakerlakkerne*, sem er þvælin en spennandi saga eftir Jo Nesbø í danskri þýðingu. Sem ég var niðursökkinn í morðið á norska sendiherranum í Taílandi birtast Einar og Gyða á planinu! Urðu þar fagnaðarfundir, þau voru að koma úr fálkamyndatöku en höfðu ekki haft erindi sem erfiði en það er ekki á vísan að róa í þeim efnum. Ókum við þeim samferða til Akureyrar, þess fagra bæjar, og gistum þar á planinu eftir að hafa horft á eina mynd (*Crazy, stupid love*) og maulað popp í vellystingum. Arwen er orðin lúin á þvælingnum en stendur sig samt afskaplega vel og er alltaf til í fjörið. Hún og Kútur eru orðnir bestu vinir.

Hér endar líklega ferðasagan þar sem Brynjar fer nú heim á húsílnum um helgina og byrjar að vinna á mánudaginn en ég ætla til Þórshafnar og vera þar um helgina. Þetta hefur verið frábær ferð, veðrið leikið við okkur og hið fagra Ísland svíkur engan frekar en fyrri daginn. Við heimsóttum gamla og nýja staði, mér fannst mest gaman að koma á Borgarfjörð eystri og á Þeistareyki, staði sem eru að breytast og verða líklega ekki samir þegar við heimsækjum þá aftur.

